

27. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Tuttugasti og sjöundi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 20. mars 2013 kl. 14:00 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Katrín Gylfadóttir.

1. Af fundi með ráðherra 15/03

Formaður sagði af fundi með ráðherra 15.mars s.l. Auk ráðherra sátu fundinn Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri og Helga Haraldsdóttir skrifstofustjóri ferðamála. Til fundarins var meðal annars boðað vegna eftirfarandi tölvubréfs frá Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti til Kristjáns ráðuneytisstjóra:

*“Sæll, forsætisráðherra óskaði á skrifstofustjórafundum í morgun eftir minnisblaði um fyrirkomulag úthlutunar á 500 m. kr. skv. fjárfestingaáætlun til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Megum við biðja ykkur að senda okkur stutt minnisblað um fyrirkomulagið, hverjir eiga sæti í stjórn framkvæmdasjóðsins, úthlutunarreglur nefndarinnar o.s.frv. en ég hef skilið það svo að Alþingi hafi ákveðið að þessi fjárveiting falli til Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða og æskilegt væri að það kæmi fram í minnisblaðinu.
Bestu kveðjur,
Ragnhildur.”*

Farið var yfir drög að minnisblaði til forsætisráðuneytis en þar á bæ eru menn ósáttir við að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk ekki allt sem beðið var um. Að öðru leyti var fundarefnið hversu mikið væri hægt að hraða úthlutun og úthluta viku af apríl. Síðast en ekki síst var rætt um nýja segla svo sem Heimskautagerðið á Raufarhöfn.

2. Fyrsta yfirferð umsókna og úrvinnsla umsókna.

Farið var gróflega yfir hluta þeirra 96 umsókna sem höfðu borist og þær flokkaðar í fjóra flokka.

Næsti fundur verður á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30 föstudaginn 22. apríl 2013 kl. 8:15.

Fundi slitið 16:00

Reykjavík 20. mars 2013 /Katrín og Albína